STJÓRNARTÍÐINDI B 21 — 1974

Nr. 107. 178 30. maí 1974.

REGLUGERÐ

um greiðslur almannatrygginga á lyfjakostnaði.

1. gr.

Greiðslur sjúkrasamlaga á lyfjakostnaði eru því aðeins heimilar, samkvæmt eftirfarandi, að fyrir liggi lyfseðill læknis (tannlæknis), sem afgreiddur hefur verið í lyfjabúð eða af öðrum aðilum (læknum), sem eiga rétt eða hafa leyfi til lyfjasölu samkvæmt lyfsölulögum nr. 30 29. apríl 1963.

2. gr.

1. Sjúkrasamlög skulu greiða að fullu lyf, sem sjúklingum er nauðsynlegt að nota að staðaldri við eftirgreindum sjúkdómum, enda séu lyfin talin í tilgreindum flokkum ritsins „Lyf á Íslandi“, og auðkennd merkinu 1/1 í gildandi lyfjaverðskrá:

a. Astma (aðeins innúðalyf)	32. flokkur
b. Gláka	45. flokkur E
c. Berklaveiki	4. flokkur P
d. Langvarandi briskirtilsbólga	27. flokkur A
e. Flogaveiki	34. flokkur
f. Hjartasjúkdómar	14. flokkur og 31. flokkur A og B
g. Skjaldkirtilssjúkdómar	43. flokkur
h. Sykursýki	5. flokkur
i. Vöðvaslénufár, (Myasthenia gravis)	10. flokkur B
j. Þvaghlaup (Diabetes insipidus)	25. flokkur E

2. Með samþykki trúnaðarlæknis samlags fyrir tiltekinn sjúkling um tiltekinn tíma skal greiða að fullu lyf við eftirgreindum sjúkdómum, enda séu þau talin í tilgreindum flokkum ofangreinds rits og auðkennd merkinu (1/1) í gildandi lyfjaverðskrá:

a. Eirsýki (mb. Addisonii)	25. flokkur F og 3. flokkur K
b. Geðveiki (antidepressiva og psychososedativa)	13. flokkur og 36. flokkur
c. Parkinsonssjúkdómur	20. flokkur
d. Psoriasis og exem	50. flokkur C

Við afgreiðslu slíkra lyfja skal framvísa lyfjaskírteini, sem viðkomandi sjúkrasamlag gefur út. Slíkt skírteini skal bera með sér hvaða lyf eða flokkur lyfja greiðist að fullu, sé þeim ávísað á nafngreindan sjúkling.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

3. gr.

Af öðrum lyfjakostnaði en um getur í 2. gr. er greiðslutilhögun svo sem hér greinir:

1. Fyrir hverja afgreiðslu (ordination) samkvæmt Lyfjaverðskrá I greiðir samlagsmaður fyrstu 125 krónurnar, en sjúkrasamlagið það, sem á vantar fullt verð.
2. Fyrir hverja afgreiðslu (ordination) samkvæmt Lyfjaverðskrá II (sérlyf) greiðir samlagsmaður fyrstu 200 krónurnar, en sjúkrasamlagið það, sem á vantar fullt verð.

Sé heildarverð viðkomandi lyfs jafnt eða lægra en þau mörk, er um getur í þessari grein, greiðir samlagsmaður það verð.

4. gr.

Lyf, sem ekki falla undir skilgreiningu 2. og 3. gr. eru:

1. Lyf, sem talin eru til 7. flokks: E_3, E_4, E_5, E_6 og E_7, 12. flokks og 48. flokks: C í ritinu „Lyf á Íslandi".
2. Lyf, sem ekki eru greind í gildandi lyfjaverðskrám, nema auglýst hafi verið sérstaklega að sjúkrasamlög taki þátt í kostnaði þeirra samkvæmt reglum 2. og 3. gr.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 sbr. lög um breyting á þeim lögum 8. maí 1974, og öðlast gildi 15. júní 1974.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. maí 1974.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Almar Grímsson.

Stjórnartíðindi B 21, nr. 107. Útgáfudagur 4. júní 1974.